

## GJALDSKRÁ

### fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúans í Garðabæ.

#### 1. gr.

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða gjöld vegna byggingarleyfisumsókna og annarra þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir.

#### 2. gr.

Fjárhæð leyfis- og þjónustugjalda skal vera eftirfarandi:

<i>Byggingarleyfisgjald.</i>	kr.
Fast gjald vegna móttöku umsókna	9.500
Rúmmetragjald pr. hvern byggðan m <sup>3</sup> í nýbyggingu, að hámarki 50.000 m <sup>3</sup>	95
 <i>Yfirferð séruppdráttu (burðarþols-, lagna- og séruppdráttu aðalhönnuða).</i>	
Einbýlis-, par-, rað- og fjölbýlishús allt að 6 íbúðir	72.400
Fjölbýlishús 7 íbúðir og fleiri	140.200
Fjölbýlishús, 20 íbúðir og fleiri	230.000
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús allt að 2.000 m <sup>3</sup> brúttó	108.100
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús 2.001 m <sup>3</sup> og stærri	133.200
Aðrar minni byggingar, s.s. viðbygging, bílgeymsla, anddyri, sólstofur o.fl.	24.900
Breyting á innra skipulagi atvinnuhúsnæðis o.fl.	46.400
Breyting á innra skipulagi sérbýlis, klæðningu húss, svalaskýli, lóð o.fl.	12.600
Í tilvikum sem nauðsynlegt er að láta yfirfara aðra séruppdrætti, s.s. raflagna- teikningar og teikningar af vatnsúðakerfum, skal leyfishafi greiða gjald sem nemur sannanlegum útlögðum kostnaði.	
 <i>Úttektir.</i>	
Almenn úttekt	5.900
Lokaúttekt	17.600
Einbýlis-, par- og raðhús á einni hæð (10 úttektir + lokaúttekt)	76.300
Einbýlis-, par- og raðhús tveimur hæðum (12 úttektir + lokaúttekt)	88.000
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús allt að 2.000 m <sup>3</sup> brúttó	104.400
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús 2.000 m <sup>3</sup> og stærri	141.900
Fjölbýlishús, gjald, pr. matshluta	129.900
Aðrar minni byggingar, lágmark 3 úttektir	29.300
 <i>Mælingar.</i>	
Útsetning (1 fín útsetning og 1 eftirmæling)	101.200
Heimild til innheimtu gjalds fyrir lóðarmælingu í eldri byggð	15.500
 <i>Vottorð/úttekt.</i>	
Fokheldisvottorð með úttekt	14.200
Stöðuúttektarvottorð (ófullgert húsnæði tekið í notkun)	17.600

<i>Húsaleiguúttektir.</i>	kr.
Gjald pr. fermetra vegna íbúðarhúsnæðis	95
Gjald pr. fermetra vegna atvinnuhúsnæði	109
Hámark fyrir íbúðarhúsnæði	35.500
Hámark fyrir atvinnuhúsnæði	59.500
 <i>Veitingahús.</i>	
Úttekt vegna rekstrarleyfis	14.200
 <i>Annað.</i>	
Meistaraskipti	8.500
Byggingarstjóraskipti	11.500
Stöðuleyfi fyrir gáma, hjólhýsi, ferðabíla, sumarhús o.fl.	11.500
Gjald fyrir hvert útkall byggingarfulltrúa þar sem verkið er ekki úttektarhæft	7.100
 Byggingarfulltrúa er heimilt í sérstökum tilfellum að innheimta gjald fyrir önnur útköll, s.s. vettvangskonunnun o.fl., enda hafi verið stofnað til sannanlegs kostnaðar vegna tilviksins	9.100

Falli byggingarleyfi niður eða sé það afturkallað áður en framkvæmdir hefjast skal endurgreiða gjald vegna úttekta og yfirferðar séruppráttu, en byggingarleyfisgjald endurgreiðist ekki.

### 3. gr.

Byggingarleyfisgjöld, gjöld fyrir yfirferð á séruppráttum, gjöld fyrir úttektir og mælingar, skulu ákvarðast og gjaldfalla við útgáfu byggingarleyfis.

Fast gjald fyrir byggingarleyfisumsóknir greiðist við móttöku byggingarleyfisumsóknar.

Önnur gjöld, svo sem vegna vottorða, húsaleiguúttekta, úttekta vegna vínveitingaleyfa og úttekta sem reynast óþarfar, gjaldfalla við afhendingu tilheyrandi gagna.

### 4. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2012 (112,3 stig) og skulu breytast í samræmi við byggingarvísitölu janúarmánaðar hvers árs.

### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 til þess að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 273/2003.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 16. ágúst 2012.

*Garðabæ, 16. ágúst 2012.*

**Guðjón Erling Friðriksson** bæjarritari.